

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 27. júní 2024

Mál nr. E-7235/2023:

**A**

(*Björgvin Helgi Fjeldsted Ásbjörnsson lögmaður*)

**gegn**

**TM tryggingum hf., B, íslenska ríkinu, Landspítala og Sjúkratryggingum Íslands**

(*Thelma Christel Kristjánsdóttir lögmaður, Jónas Birgir Jónasson lögmaður*)

## Úrskurður

- Mál þetta var höfðað 16. nóvember 2023. Sá þáttur sem hér er til úrlausnar var tekinn til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 31. maí sl.
- Stefnandi er A.
- Aðalstefndi er TM tryggingar hf., Katrínartúni 2, Reykjavík, en stefnandi hefur fallið frá kröfu sinni á hendur B, í aðalsök.
- Varastefndu eru íslenska ríkið, Arnarhvoli, Reykjavík, Landspítali – háskólasjúkrahús, Skaftahlíð 26, Reykjavík, TM tryggingar hf. og B.
- Þrautavarastefndi er Sjúkratryggingar Íslands, Vínlandsleið 16, Reykjavík.
- Endanleg krafa stefnanda í aðalsök er að viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi aðalstefnda TM trygginga hf. á grundvelli 5. gr. laga nr. 111/2000, sbr. lög nr. 176/2000, vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir sökum meðferðar með lyfinu Cordarone á árunum 2012–2017.
- Í varasök krefst stefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að varastefndu íslenska ríkið, Landspítali Háskólasjúkrahús, TM tryggingar hf. og B beri óskipt skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem stefnandi varð fyrir vegna meðferðar með lyfinu Cordarone á árunum 2012–2017.
- Í þrautavarasök krefst stefnandi þess að úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála, dags. 2. febrúar 2022, þar sem synjun Sjúkratrygginga Íslands á umsókn stefnanda um bætur samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu var staðfest, verði felldur úr gildi.
- Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu sér að skaðlausu.

10. Af hálfu aðalstefnda TM trygginga hf. er krafist sýknu í aðalsök, auk málskostnaðar úr hendi stefnanda.
11. Varastefndu íslenska ríkið og Landspítali – háskólasjúkrahús krefjast aðallega frávísunar en til vara sýknu af kröfum stefnanda, auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en til þrautavara að málskostnaður verði felldur niður. Aðrir varastefndu, TM tryggingar hf. og B, krefjast sýknu í varasök, auk málskostnaðar úr hendi stefnanda.
12. Þrautavarastefndi Sjúkratryggingar Íslands krefst þess aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi en til vara sýknu. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til þrautavara er þess krafist að málskostnaður verði látinn niður falla.
13. Stefnandi krefst þess í þessum þætti málsins að kröfum varastefndu og þrautavarastefndu um að kröfum á hendur þeim verði vísað frá dómi verði hafnað og tekið verði tillit til þessa þáttar málsins við ákvörðun um málskostnað í efnisdómi.
14. Með tölvubréfi, dags. 13. maí sl., upplýsti dómari lögmenn málsaðila um þá afstöðu dómsins að málinu kynni að verða vísað frá dómi án kröfu og gaf þeim kost á að tjá sig um það sérstaklega samhliða málflutningi um kröfur stefndu um frávísun, sbr. áskilnað 1. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

*Helstu málsatvik.*

15. Mál þetta varðar meinta bótaskyldu stefndu á líkamstjóni sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir vegna lyfjameðferðar við hjartsláttaróreglu á árunum 2012–2017. Kveður stefnandi þá meðferð hafa verið óviðhlítandi. Heilbrigðisstarfsmenn sem aðal- og varastefndu beri ábyrgð á hafi við meðferð hans sem sjúklings á þessu tímabili vanrækt eftirlits- og upplýsingaskyldu sína gagnvart stefnanda og ekki gætt aðgæsluskyldu hvað varði verkun lyfsins Cordarone og hættueiginleika þess. Af þessum sökum hafi hann orðið fyrir verulegu líkamstjóni vegna aukaverkana lyfsins sem felist í taugaskemmdum og byggir stefnandi á því að tilvist líkamstjónsins sé óumdeild. Það líkamstjón stefnanda sé bein afleiðing af vanrækslu lækna sem komu að meðferð hans með nefndu lyfi. Aukaverkun af notkun lyfsins í formi taugaskemmda og afleiddra verkja og doða hafi verið þekkt auk þess sem sérstök viðkvæmni stefnanda fyrir lyfjum hafi einnig verið þekkt.
16. Hvað varðar þrautavarasök stefnanda um ógildingu ákvörðunar úrskurðarnefndar velferðarmála vísar stefnandi til þess að hann hafi sótt um bætur vegna tjóns síns til Sjúkratrygginga Íslands en fengið synjun. Stefnandi hafi skotið þeirri ákvörðun til

úrskurðarnefndarinnar sem með úrskurði í máli nr. 454/2021, dags. 2. febrúar 2022, hafi staðfest synjunina. Kveðst stefnandi byggja þrautavarakröfu sína á því að niðurstaða nefndarinnar hafi ekki byggst á málefnalegu mati og við meðferð málsins hafi ekki verið gætt að reglum stjórnisýsluréttarins, rannsóknarreglu, sannleiksreglu og reglunni um skyldubundið mat.

17. Um heimild sína til að stefna aðalstefndu, varastefndu og þrautavarastefnda í sama máli vísar stefnandi til þess að allar séu kröfur hans af sömu rót, sbr. heimild 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991.

*Málsástæður varastefndu íslenska ríkisins og Landspítala – háskólasjúkrahúss er varða frávísun.*

18. Varastefndu íslenska ríkið og Landspítali – háskólasjúkrahús byggja frávísunarkröfu sína á því að stefna málsins uppfylli ekki skilyrði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. M.a. sé lýsing stefnanda á aðild til varnar, málsatvikum og málsástæðum svo óljós og vanreifud að ekki verði komist hjá því að vísa málinu frá dómi að því er varðar varastefndu.
19. Þá sé ekki gerð grein fyrir því hvernig til óskiptrar ábyrgðar varastefndu og aðalstefndu geti komið eða að skilyrði samlagsaðilar skv. 2. mgr., sbr. 1. mgr., 19. gr. laga nr. 91/1991 séu uppfyllt. Ekki sé gerð grein fyrir því með skýrum hætti hver eiginlegur tjónsatburður sé eða hver beri ábyrgð á honum og þá að hvaða leyti. Þá byggi stefnandi m.a. á því að hann hafi hlotið tjón af lækni meðferð með lyfinu Cardarone á árunum 2012–2017 en aðeins sé á því byggt að starfsmaður LHS hafi ávísað lyfinu einu sinni árið 2013, engin umfjöllun sé í stefnu um hvaðan stefnandi fékk lyfinu ávísað eftir það.
20. Varastefndu telja málatilbúnað stefnanda í heild sinni háðan slíkum annmörkum að ekki verði úr því bætt undir rekstri málsins og því beri að vísa málinu frá dómi af þeim sökum, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Kröfugerð stefnanda sé óskýr en honum sé ekki fært að krefjast viðurkenningar á óskiptri bótaábyrgð varastefndu með vísan til háttsemi varastefndu, auk TM trygginga hf. og B sem stefnt er við hlið þeirra hverjum í sínu lagi.
21. Þá kveða varastefndu málsatvikalýsingu í stefnu svo óskýra að ekki sé á henni byggjandi en í henni sé m.a. að finna langa umfjöllun um stutta grein úr erlendu tímariti frá árinu 1985 auk umfjöllunar um lyfið Cordarone og útdráttar úr yfirliti yfir eiginleika lyfs, sem ekki virðist hafa nokkuð að gera með atvik málsins.

*Málsástæður þrautavarastefnda Sjúkratrygginga Íslands er varða frávísun.*

22. Þrautavarastefndi byggir frávísunarkröfu sína á því að stefna málsins uppfylli ekki skilyrði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Meðal annars sé lýsing stefnanda á aðild til varnar, málsatvikum og málsástæðum svo óljós og vanreifðu að ekki verði hjá því komist að vísa málinu frá dómi að því er varðar þrautavarastefnda.
23. Þrautavarastefndi telur skilyrði samlagsaðilar skv. 2. mgr., sbr. 1. mgr., 19. gr. laga nr. 91/1991 ekki uppfyllt auk þess sem engin grein sé gerð fyrir því í stefnu að hvaða leyti þau skilyrði séu fyrir hendi. Telur þrautavarastefndi dómkröfur á hendur sér ekki eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings og dómkröfur stefnanda á hendur aðal- og varastefndu eiga.
24. Dómkröfur á hendur aðal- og varastefndu séu annars vegar krafa um viðurkenningu á bótarétti stefnanda úr hendi aðalstefnda vegna meints líkamstjóns eða til vara að allir fjórir varastefndu beri óskipta skaðabótaábyrgð á meintu líkamstjóni stefnanda. Á hendur þrautavarastefnda sé hins vegar gerð krafa um að úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála frá 2. febrúar 2022 verði felldur úr gildi. Þannig telur þrautavarastefndi ljóst að skilyrði 2., sbr. 1. mgr., 19. gr. laga nr. 91/1991 séu ekki uppfyllt.
25. Þrautavarastefndi byggir og á því að málalíbúnaður stefnanda í heild sinni sé slíkum annmörkum háður að ekki verði úr bætt undir rekstri málsins og því beri að vísa málinu frá dómi með vísan til 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.
26. Þá sé málavaxtalýsing í stefnu svo óskýr að ekki verði á henni byggt. Þar sé m.a. að finna langa umfjöllun um stutta grein úr erlendu tímariti frá árinu 1985 auk umfjöllunar um lyfið Cordarone og útdrátt úr yfirliti yfir eiginleika lyfs, sem ekki virðist hafa nokkuð að gera með atvik málsins.

*Niðurstaða*

27. Stefnandi hefur í máli þessu kosið að haga kröfugerð sinni með þeim hætti að sækja í sama máli kröfur á hendur fleiri en einum þannig að kröfum er aðallega beint að einum, en aðalstefnda og þremur öðrum til vara og hinum fimm til þrautavara. Vísar stefnandi um það til heimildar 2. mgr., sbr. 1. mgr., 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Slík heimild er fyrir hendi ef dómkröfur á hendur hverjum og einum stefnda eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Nægir þá að eitt þessara

skilyrða sé uppfyllt. Sé staðan ekki sú skal vísa máli frá dómi að kröfu varnaraðila að því er hann varðar.

28. Samkvæmt framansögðu verða dómkröfur stefnanda í máli þessu því að eiga sameiginlegan uppruna. Við mat á því hvort svo sé er hægt að hafa til vissrar leiðsagnar að ef sama atvikalýsing getur átt við um tvær eða fleiri kröfur og þær verða studdar sömu röksemdum og sönnunargögnum sé líklegt að kröfurnar séu af sama uppruna, þó ekki sé það einhlítt. Þannig getur verið að kröfur verði ekki taldar eiga sameiginlegan uppruna í skilningi 1. mgr. 19. gr. þó sama atvikalýsing liggi að baki þeim og þær verði studdar sömu röksemdum og sönnunargögnum og enn fremur kann að verða litið svo á að kröfur verði taldar af sameiginlegum uppruna samkvæmt ákvæðinu þótt ólík rök og sönnunargögn verði færð fyrir þeim.
29. Í þessu máli vísar stefnandi til þess að hin sameiginlega rót eða uppruni dómkrafna hans felist í því að sérfræðilæknir og heimilislæknir hafi gerst sekir um yfirsjónir með ávísun lyfs sem hafi valdið honum tjóni. Það tjón leitist stefnandi við að fá bætt og til þess sé málið höfðað. Hefur stefnandi því uppi kröfur um viðurkenningu á rétti sínum til bóta úr hendi aðalstefnda og varastefndu, en til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála á hendur þrautavarastefnda.
30. Þrátt fyrir að krafa stefnanda á hendur þrautavarastefnda hafi þau tengsl við þau atvik sem stefnandi vísar til um heimild til málshöfðunar sinnar að stefnandi sótti um bætur úr sjúklingatryggingu vegna þess tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna lyfjagjafar er það mat dómsins að í því tilviki verði ekki litið svo á að um sama atvik eða aðstöðu sé að ræða í skilningi 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Með þrautavarakröfu sinni leitast stefnandi við að fá hnekkkt úrskurði stjórnvalds sem verður að skoðast sem sérstakt og annað atvik en það sem stefnandi byggir málalíbúnað sinn á. Krafa stefnanda í þrautavarasök sé sjálfstætt sakarefni og án slíkra tengsla við kröfur hans á hendur öðrum stefndu að unnt sé að fallast á það með stefnanda að hann fái, gegn andmælum þrautavarastefnda, haft þær uppi í sama máli. Verður kröfum stefnanda á hendur þrautavarastefnda því vísað frá dómi.
31. Sem fyrr segir krefst stefndi í aðalsök, TM tryggingar hf., ekki frávísunar hvað aðalkröfur stefnanda á hendur honum varðar. Þá liggur fyrir að stefnandi hefur fallið frá kröfu á hendur stefnda B í aðalsök. Verður aðalsökinni því ekki vísað frá að kröfu stefndu. Á hinn bóginn hafa aðrir varastefndu uppi frávísunarkröfu auk þess sem málið var flutt um mögulega frávísun þess án kröfu.

32. Þá er til þess að líta að stefnandi krefst í málinu viðurkenningar á bótaskyldu aðalstefnda TM trygginga hf. sérstaklega, á grundvelli laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og í varasök krefst stefnandi viðurkenningar á bótaskyldu aðalstefnda óskipt með varastefndu íslenska ríkinu, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og B vegna ætlaðs líkamstjóns síns.
33. Í e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um það að í stefnu skuli greina svo glögg sem verða má málsástæður sem stefnandi byggir málssókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er. Þá gildir sú meginregla í einkamálaréttarfari að sé máltilbúnaður stefnanda svo óljós að ekki verði lagður dómur á mál beri að vísa því frá dómi.
34. Þá er í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sérstaklega mælt fyrir um það að sá sem hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands geti leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum án tillits til þess hvort honum væri þess í stað unnt að leita dóms sem fullnægja mætti með aðför. Í dómaframkvæmd hefur verið byggt á því að ef neyta á þessarar heimildar til að leita einungis dóms um viðurkenningu á skaðabótaskyldu verði meðal annars að tiltaka nákvæmlega hver hafi valdið ætluðu tjóni, hvernig það hafi verið gert og hvernig fullnægt sé skilyrðum um orsakasamband milli tjóns og athafna eða athafnaleysis tjónvalds, en að auki verði að leiða nægar líkur að því að tjón hafi orðið í raun þótt ekki sé slegið föstu hvert umfang þess sé.
35. Viðurkenningarkröfur stefnanda byggjast á því að heilbrigðisstarfsmenn hafi ekki sinnt skyldum sínum við greiningu og meðferð hans. Þeir hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni eða aðgæsluskyldu sem þeim hefði borið sem sérfræðingum.
36. Í stefnu gerir stefnandi fyrst grein fyrir málsástæðum sínum í einu lagi gegn öllum stefndu sameiginlega. Þar byggir stefnandi á því að þegar C, læknir á Landspítala, hafi ákveðið að hefja meðferð á stefnanda með nefndu lyfi árið 2013 hafi hún og heimilislæknir stefnanda, stefndi B, átt að hafa þekkingu á lyfinu og verkunum þess. Þá hafi þau og átt að vita afstöðu þriðja læknis til heilsufars stefnanda. Kveður stefnandi læknana C og B hafa dregið rangar ályktanir varðandi heilsufarsmeið stefnanda. Báðir hafi þessir læknar haft ærið tilefni til að upplýsa stefnanda um mögulegar aukaverkanir af lyfinu en ekki gert það. Af þessum sökum hafi stefnandi orðið fyrir verulegu líkamstjóni sem felist í taugaskemmdum. Það tjón sé bein afleiðing vanrækslu

læknanna, og að auki hafi það tjón verið fyrirsjáanlega möguleg afleiðing þess að ekki var rannsakað tímanlega hvort einkenni taugaskemmda væru afleiðingar lyfsins.

37. Málsástæður sínar gagnvart hverjum og einum stefnda sérstaklega og frekar rökstyður stefnandi þannig að kröfur á hendur aðalstefnda byggist á lögum um sjúklingatryggingu. Hvað varastefndu varðar kveður stefnandi háttsemi læknanna C og B hafa verið saknæma og ólögmæta og valdið honum tjóni og verið sennileg afleiðing þeirrar hegðunar. Þá hafi C verið starfsmaður LHS á þessum tíma og íslenska ríkið beri því skaðabótaábyrgð á tjóni hans á grundvelli sakarreglunnar og vinnuveitendaábyrgðar. Stefndi B hafi verið með ábyrgðartryggingu hjá TM tryggingum hf. sem beri því skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli sakarreglu og ábyrgðartryggingar B. Þá hafi LHS borið að tilkynna um þau atvik sem leiddu til tjóns stefnanda til Landlæknis en látið það undir höfuð leggjast. Af þeim sökum falli sönnunarbyrði um eðli háttseminnar, saknæmi og ólögmæti fyrst og fremst á varastefndu LHS og íslenska ríkið. Sömuleiðis hvíli sönnunarbyrði um orsakatengsl á varastefndu, í samræmi við dómvenju við beitingu sakarreglu vegna mistaka við heilbrigðisþjónustu. Hvað þrautavarastefnda varðar vísar stefnandi almennt til þess að úrskurðarnefnd velferðarmála hafi við meðferð málsins vanrækt rannsóknarskyldur sínar, ekki fylgt sannleiksreglu stjórnsýsluréttar og brotið gegn reglunni um skyldubundið mat og að niðurstaða nefndarinnar hafi byggst á ómálefnalegu mati.
38. Stefnandi gerir í stefnu ekki sérstaka grein fyrir því nánar eða sérstaklega hvernig eða með hvaða hætti hinn stefndi læknir hafi komið að máli stefnanda þannig að á hann verði lögð skaðabótaábyrgð á ætluðu tjóni stefnanda. Þá vísar stefnandi almennt til skyldna heilbrigðisstarfsmanna í málinu, án þess að tilgreina á hverju þær byggjast nákvæmlega. Sömuleiðis gerir stefnandi ekki skýra grein fyrir því hvaða atvik það eru sem hann vísar til um ábyrgð stefndu en lætur nægja að lýsa með almennum hætti því sem stefnandi telur að hafi verið skyldur læknanna. Skortir þannig verulega á að stefnandi geri grein fyrir því hver eiginlegur tjónsatburður er sem hann vísar til og sömuleiðis hver beri ábyrgð á þeim atburði.
39. Þá er í engu vikið að því á hvaða grunni þær skyldur sem stefnandi vísar til um ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna eru byggðar, hvort eða hvernig stefndu hafi vikið frá lögum eða reglum. Löng atvikalýsing stefnanda í stefnu er ekki til þess fallin að skýra þetta.
40. Stefnandi kveðst í stefnu líta svo á að tilvist líkamstjóns hans sé óumdeild. Því er á hinn bóginn mótmælt af stefndu. Eins og áður var rakið hefur stefnandi lýst í löngu máli

líðan sinni í stefnu. Verður ekki á það fallist að stefnandi hafi með þeirri lýsingu leitt líkur að því að hann hafi í reynd orðið fyrir tjóni eða gert fullnægjandi grein fyrir því í hverju tjón hans felist eða hver tengsl þess séu við atvik málsins.

41. Þá skortir sömuleiðis verulega á að stefnandi hafi gert grein fyrir því með fullnægjandi hætti hver grundvöllur sameiginlegrar ábyrgðar allra varastefndu á ætluðu tjóni stefnanda er. Samkvæmt framansögðu skortir verulega á að dómkröfur stefnanda og málsástæður þær sem hann byggir á og önnur atvik séu svo glögg að samhengi málsástæðna stefnanda verði ljóst.
42. Samkvæmt öllu framangreindu og með vísan til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991, sbr. einnig e- lið 80. gr. sömu laga, telur dómurinn svo mikla annmarka á málatilbúnaði stefnanda að ekki verði hjá því komist að að vísa máli þessu í heild sinni frá dómi.
43. Að virtum úrslitum málsins og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað svo sem greinir í úrskurðarorði.

Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, A, greiði stefndu, TM tryggingum hf., B, íslenska ríkinu, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Sjúkratryggingum Íslands, hverjum um sig 150.000 krónur í málskostnað.